

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun rotþróa í Djúpavogshreppi.

1. gr.

Fyrir hverja húseign í Djúpavogshreppi með eigin fráveitu, eða fráveitu sem ekki er tengd holræsakerfi í eigu sveitarfélagsins, skal greiða árlegt þjónustugjald, sbr. 5. gr. samþykktar um notkun og hreinsun rotþróa í Djúpavogshreppi nr. 455/2003.

2. gr.

Árlegt þjónustu- og tæmingargjald samkvæmt 1. gr. skal vera kr. 6.700 fyrir hverja rotþró. Tæming skal fara fram eftir þörfum og eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

3. gr.

Álagning og innheimta þjónustugjalds skv. 2. gr. fer fram með sama hætti og á sama tíma og álagning og innheimta fasteignagjalda.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er af sveitarstjórn Djúpavogshrepps 23. nóvember 2005 að fenginni umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands, er byggð á samþykkt um notkun og hreinsun rotþróa í Djúpavogshreppi, sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Djúpavogi, 5. febrúar 2007.

Bj. Hafþór Guðmundsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 5. mars 2007